

Nd.

334. Nefndarálit

[176. mál]

um frv. til laga um vörugjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd Nd. klotnaði við afgreiðslu þessa máls.

Það sætir furðu að nokkrum mánuðum eftir að sérstakar ráðstafanir voru gerðar með bráðabirgðalögum til að bæta stöðu sælgaðisíðnaðarins leggur ríkisstjórnin með frumvarpi þessu til að íþyngja þessari iðngrein svo og öl- og gosdrykkjaiðnaðinum með nýrri skattlagningu til þess að afla fjár í ríkisreksturinn.

Þá er ráðgert að fella niður styrki til íslenskrar iðnþróunar um leið og sú vernd, sem iðnaðurinn hefur notið vegna aðlögunar að fríverslun, hverfi. Engu líkara er en stjórnvöld stefni með þessu háttalagi markvisst að því að lama iðnaðinn, enda hafa bæði iðnrekendur og starfsfólk þessara iðngreina brugðið hart við og sent fjárhags- og viðskiptanefndum Alþingis harðorð mótmæli þar sem bent er á að atvinnuöryggi 600 manna sé ógnað.

Þetta nýja gjald mun hækka vísitölu um 0,26%, en skv. áætlun Þjóðhagsstofnunar leiðir sú hækkun til aukinna launagreiðslna í landinu sem nemur amk. 3 milljörðum og síðan auðvitað vefja upp á sig í samræmi við þrælútfærða verðbólguþefnu núverandi ríkisstjórnar.

Þessa nýju skattþóningu á að knýja fram, þótt tekjur af henni verði naumast meiri en bein launaútgöld ríkissjóðs og atvinnuveganna, en í greinargerð frumvarpsins er gert ráð fyrir að tekiuöflunin muni nema 3,4 milljörðum á árinu 1981, sem vafalaust er of há áætlun vegna minnkandi sölu.

Frumvarp þetta sýnir best það stjórnlevisi og þá upplausn, sem í landinu ríkir og er að sliga atvinnuvegina og brióta niður allt fjármálakerfi landsins.

Þótt e. t. v. megi segja, að hér sé einungis um að ræða dropa í hafið, er samt mikilvægt að Alþingi taki nú fram fyrir hendur ríkisstjórnarinnar, og því leggur meiri hluti nefndarinnar til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 18. des. 1980.

Matthías Á. Mathiesen,
frsm.

Matthías Bjarnason.

Albert Guðmundsson.

Sighvatur Björgvinsson.